

Samþykt

58
13. maí

um síldarveiði með herpinótum á fjörðum inn úr Húnaflóa.

1. gr.

Innan beinnar línu, er hugsast dregin frá Bjarnarnesstöngum í Hnappasker í Hrútafirði, er öllum óheimil síldarveiði með herpinót á hvaða tíma sem er.

2. gr.

Hreppstjórunum í þeim hreppum, sem liggja að samþyktarsvæðinu er sjerstaklega falin umsjón með, að samþykt þessari sje hlýtt, og skulu þeir fá endurgjald fyrir útlagðan kostnað, vinnutap, bátsleigu og annað, er af eftirliti þessu kann að leiða, eftir reikningi úrskurðuðum af oddvita sýslunefndar, ef ágreiningur verður. Kostnaður þessi greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, er hlutaðeigandi hreppstjóri á heima í.

3. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 500 kr., og skal helmingur þeirra falla til uppljóstarmanns, en helmingur í sveitarsjóð, þar sem uppljóstarmaður dvelur, er hann verður áskynja um brotið. Sje uppljóstarmaður fenginn til eftirlits gegn sjerstakri borgun samkvæmt 2. gr., skulu allar sektirnar falla í sveitarsjóð þess hrepps, er eftirlitið kostar.

4. gr.

Með brot gegn samþykt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi, sem samin er og samþykt samkvæmt lögum nr. 85, 14. nóvember 1917, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 13. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannssv.